

Nr. 9. Lagt fram í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 1. nóvember 2012.



Greinargerð

stefnda Porvalds Gylfasonar
í héraðsdómsmálinu nr. E- /2012:

Jón Steinar Gunnlaugsson

gegn

Porvaldi Gylfasyni

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigríður Rut Júlíusdóttir hrl., Klapparstíg 25-27, Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd stefnda, Porvalds Gylfasonar.

Dómkröfur stefnda eru þær **aðallega** að máli þessu verði vísað frá dómi en **til vara** að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Þá er þess krafist í báðum tilfellum að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi verði hann lagður fram við aðalmeðferð málsins auk virðisaukaskatts.

Framlögð gögn:

Nr. 9 Greinargerð þessi

Nr. 10 Heildargrein stefnda, *“From Collapse to Constitution: The Case of Iceland”*, eftir breytingar.

Nr. 11 Þrjár færslur af bloggsíðu Jónasar Kristjánssonar, *“Ég fyrirlít Hæstarétt”*, dags. 28.júní 2011, *“Þjóna ekki almannahagsmunum”*, dags. 28. janúar 2011 og *“Dómurum er ekki treyst”*, dags. 19. september 2010.

Nr. 12 Viðtal í DV við Illuga Jökulsson dags. 30. maí 2012, *“Illugi segist hafa stýtt grein Porvaldar”*.

Nr. 13 Frétt af vef Markaðs og miðlarannsóknna ehf, 16. febrúar 2011, *“Traust á hæstarétti dvína”*.

Nr. 14 Grein Ólafs Hannibalssonar á Vísi.is, dags. 25. september 2004, *“Dómgreindarbrestur”*.

Nr. 15 Færsla af bloggsíðunni Mölur malar, dags. 20. september 2010, *“Af strikum”*.

Nr. 16 Frétt DV *“Hagsmunir í Hæstarétti”*, dags. 28.-30. janúar 2011, *“Hæstiréttur Hagsmunanna”*, bls. 10.

Nr. 17 Frétt DV *“Rekin heim”*, dags. 26.-27. janúar 2011, *“Stjórnlagapingið verður”*, bls 10-11.

Nr. 18 Ljósrit úr bók stefnanda *“Deilt á dómara”*, bls. 17, 21, 134, 135 og 138.

Nr. 19 Yfirlýsing stefnanda í Morgunblaðinu, dags. 29. maí 1996.

Nr. 20 Frétt DV *“Jón Steinar skrifar um “dómsmorðið” á Baldri”*, dags. 21. september 2012.

- Nr. 21 Afrit greinar Mannlífs *“Atlagan að Hæstarétti, apríl 2012, einkum bls. 21-22.*
- Nr. 22 Hluti starfsferilsyfirlits um stefnanda af heimasíðu Hæstaréttar Íslands.
- Nr. 23 Viðtal í Morgunblaðinu *“Fann fyrir mótbyr og andúð”, 21. október 2012.*
- Nr. 24 Greinargerð Reynis Axelssonar, dags. 23. febrúar 2011, birt á heimasíðu stjórnarskrárfélagsins, *“Athugasemdir við ákvörðun Hæstaréttar um ógildingu kosningar til stjórnlagapings.”*
- Nr. 25 Færsla af bloggsíðu Guðmundar Gunnarssonar dags. 2. febrúar 2011, *“Formsatriðin og Hæstiréttur”.*
- Nr. 26 Viðtal við stefnanda úr þættinum Návígi dags. 1. febrúar 2011.
- Nr. 27 Frétt DV 19. maí 2004, *“Skólastjóri ömurlegur fauti og líklega vanheill”,* (persónuupplýsingar um óviðkomandi þriðja mann afmáðar).
- Nr. 28 Frétt DV 27. maí 2004, *“Jón Steinar enn brjálaður. Drengurinn skilaði ekki verkefnum”,* (persónuupplýsingar um óviðkomandi þriðja mann afmáðar).
- Nr. 29 Sjö greinar og yfirlýsingar stefnanda í Morgunblaðinu eftir 15. október 2004.
- Nr. 30 Skýrsla dr. Gunnars Helga Kristinssonar *“Stjórnsýsla dómstólanna”,* maí 2011.
- Nr. 31 Frétt af vef MMR dags. 25. október 2011, *“Fáir segjast bera traust til Landsdóms”*
- Nr. 32 Frétt Fréttablaðsins 12. mars 2008, *“Lítið traust á dómstólum áhyggjuefni”.*
- Nr. 33 Frétt Vísis.is, *“Jón Steinar ekki hæfastur”,* dags. 30. september 2004.
- Nr. 34 Frétt DV 9. nóvember 2011, *“Kærurnar og Jón Steinar”.*
- Nr. 35 Frétt af Vísir.is, 24. september 2004. *“Yfirlýsing samin í tölvu Jóns”.*

Málsástæður og önnur atvik:

Pegar kosið var til stjórnlagapings í nóvember 2010 hlaut stefndi langflest atkvæði sem fyrsta val eða 7.192 atkvæði og einnig flest atkvæði í heild eða 28.487 atkvæði. Eins og kunnugt er ógilti Hæstiréttur síðan kosninguna með ákvörðun dags. 25. janúar 2011. Strax í kjölfarið kom fram gagnrýni í opinberri umræðu á Hæstarétt. M.a. var því haldið fram að úrskurðurinn hafi verið “rammpólítískur” (dskj. 25) og bent á að flestir hæstaréttardómaranna, sem úrskurðuðu um stjórnlagapingskostningarnar, þ. á m. stefnandi, væru sjálfstæðismenn (dskj. 17). Stefnandi tók sjálfur þátt í þeirri umræðu í kjölfar dómsins (dskj. 26).

Stefndi tók síðan sæti í stjórnlagaráði með skipun frá Alþingi og hefur síðan þá unnið ötullega að því að kynna fyrir almenningi efnisatriði stjórnlagafrumvarpsins sem er afrakstur vinnu stjórnlagaráðs. M.a. birtir stefndi reglulega pistla í dagblöðum og á bloggi sínu á vefsvæði DV.is (www.dv.is/blogg/thorvaldur-gylfason/). Á árunum 2003 til 2011 ritaði stefndi vikulega pistla í Fréttablaðið. Þar áður, þ.e. á árunum 1987-2005, skrifaði hann reglulega í Morgunblaðið og Lesbók Morgunblaðsins. Þá hefur stefndi ritað reglulegar greinar í Vísibendingu á árunum 1987-2005.

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur átt sér stað samfellt opinbert samtal í þjóðfélaginu um ástæður hrunsins og enduruppbyggingu þjóðfélagsins jafnt í efnahagslegu og siðferðilegu tilliti. Sú umræða átti sér m.a. stað í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þar sem sjö stjórnámamenn og embættismenn, þar af fjórir sjálfstæðismenn, voru taldir hafa sýnt af sér vanrækslu í starfi í skilningi laga. Þá má vísa til þingsályktunar Alþingis um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, sbr. 138. löggjafarþing,

þskj 1537, 705. mál. Þá hefur umræðan m.a. litið að gagnrýni á skipan á dómurum í Hæstarétt og að traust almennings á dómstólum og öðrum stofnunum landsins fari dvínandi og sé í mikilli lægð, sbr. dskj. 11, 13 og 30-32. Sá þáttur umræðunnar, þ.e. varðandi dvínandi traust á dómstólum, hófst áður en efnahagshrunið átti sér stað. Stefndi og stefnandi hafa báðir tekið þátt í þeirri umræðu, sbr. m.a. dskj. 32 og 18.

Í mars s.l. skrifaði stefndi vinnugrein þá sem téð ummæli birtust í. Vinnugreinin birtist á internetinu enda ekki fullkláruð grein heldur birt með þessum hætti í því skyni að aðrir fræðimenn gætu komið fram með ábendingar eða gagnrýni á greinina sem síðan skyldi taka breytingum m.t.t. slíkra athugasemda áður en greinin yrði birt í fullkláruðu formi. Greinin er nú fullkláruð, sbr. dskj. nr. 10 og var birt í ritröð háskólans í München í Þýskalandi í júní 2012. Bent er á að stefnandi hefur aldrei verið nafngreindur í téðum ummælum.

Eftir að stefnda bárust athugasemdir stefnanda, sbr. dskj. nr. 5 ákvað stefndi að fjarlægja téð ummæli út úr greininni án þess að hann væri með því að fallast á nokkurn máta á kröfur stefnanda, sbr. dskj. nr. 6. Hin stefndu ummæli er því ekki að finna í hinni útgefnu grein (dskj. 10).

Af hálfu stefnda er öllum málavaxtalýsingum, málsástæðum og öðrum staðhæfingum stefnanda gagnvart stefnda mótmælt sem röngum, að því leyti sem fer í bága við málalíbúnað stefnda.

Um frávísunarkröfu stefnda:

Frávísunarkrafa stefnda lýtur að því að ómerkingarkrafa stefnanda, sbr. kröfuliður A í stefnu, sé ódómtæk. Um er að ræða afar víðtæka ómerkingarkröfu sem felur m.a. í sér að krafist er ómerkingar á óumdeildum staðreyndum sem ekki er að finna neina umfjöllun um í stefnu.

Nánar tiltekið er um að ræða eftirfarandi hluta úr ómerkingarkröfu stefnanda: ...*“a staunch party man before being appointed to the bench in favor of three more qualified candidates according to the review committee assessing the candidates”*...

Stefnandi gerir engan ágreining um þennan hluta ómerkingarkröfu sinnar og lætur efnisatriða þessa hluta textans ómótmælt í stefnu. Stefnandi fjallar heldur ekki um þennan kafla ómerkingarkröfunnar sem lið í nafngreiningu á stefnanda heldur þvert á móti byggir stefnandi á því að ummælin geti einnig átt við um aðra dómara.

Þá gerir stefnandi kröfu um ómerkingu setningarinnar *“But this has not been proven”* en slík kröfugerð virðist í fullkomnu efnislegu ósamræmi við kröfur stefnanda að öðru leyti.

Stefndi byggir á því að dómara sé ekki heimilt að velja þau orð út úr samfelldum ómerkingarkröfutexta sem dómari telur að eigi að ómerkja en önnur ekki. Stefnandi gerir kröfu um ómerkingu textans sem heild en byggir þó ekki á því að ofangreindur hluti textans brjóti á nokkurn máta gegn neinum meintum rétti hans.

Er þannig um ófullnægjandi tilgreiningu á dómkröfum að ræða auk þess sem um ósamræmi er að ræða milli dómkrafna og málsástæðna, sbr. d og e liðir 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Ofangreind vanreifun málsins skal að mati stefnda varða frávísun.

Um sýknukröfu stefnda:

Stefnandi byggir sýknukröfu sína á eftirfarandi málsástæðum:

1. Stefndi byggir á því að ummælin sem krafist er ómerkingar á (hér eftir "ummælin") séu vernduð af tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrár, sbr. 73. gr. stj.skr. og 10. gr. mannréttindasáttmála Evróu (MSE). Engar þær kringumstæður eru til staðar í máli þessu sem réttlæti takmarkanir á tjáningarfrelsi stefnda. 3. mgr. 73. gr. stj.skr. á ekki við í máli þessu enda túlkuð þröngt. Þá er á það bent að stefndi hefur, án skyldu, fjarlæggt ummælin úr grein sinni.
2. Ummælin brjóta í engu gegn neinum meintum réttindum stefnanda. Stefndi hefur hvorki meitt æru stefnanda né greint frá nokkru því sem leynd skal hvíla um. Ummælin brjóta ekki gegn 72. gr. stj.skr. og varða ekki viðkvæmar einkalífsathafnir sem rétt er að leynt fari, né er á því byggt í stefnu. Þá var stefnandi ekki nafngreindur í ummælunum.
3. Ummælin og grein stefnda (dskj. 10) voru liður í áralangri opinberri umræðu, jafnt í fjölmiðlum, á vefmiðlum, í lærdum ritum, rannsóknarskýrslum og í almennri umræðu m.a. um ástæður efnahagshrunsins, um dvínandi traust almennings á stofnunum þjóðfélagsins og um vinnu við nýtt frumvarp að stjórnskipunarlægum. Stefndi er ekki upphafsmaður þeirrar umræðu en hefur tekið þátt í henni. Ummælin, grein stefnda og sú opinbera umræða sem ummælin skulu metin í samhengi við, eiga brýnt erindi til almennings og eru ummælin og grein stefnda innlegg í nauðsynlega þjóðfélagsumræðu. Meginstefið í greininni (dskj. 10) varðar efnahagshrunið og ástæður þess. Þá varðar greinin og umfjöllunin þverrandi traust íslensks almennings á stofnunum þjóðfélagsins, þ.m.t. Hæstarétti og nauðsyn þess að endurvekja það traust. Greinin varðar nauðsyn þess að lagfæra það sem miður hefur farið í siðferðislegri og efnahagslegri velsæld þjóðarinnar. Þessi umræða snýst um framtíð lýðræðislegrar frampróunar í íslensku þjóðfélagi og það umhverfi sem hugmyndin um stjórnlagaráð sprettur upp úr. Þá varðar umræðan og grein stefnda gagnrýni á niðurstöður Hæstaréttar í ákvörðun sinni um ógildingu kosningu stjórnlagabings, sbr. einnig m.a. dskj. 24. Þá byggir greinin á því að hið þverrandi traust almennings á stofnunum samfélagsins var ein ástæða nauðsynjarinnar fyrir að stjórnlagaráði var komið á fót og þeirri vinnu sem fram fór innan þess. Umræðan varðar gagnrýni á stjórn mála- og stjórnarflokka og dómara ráðningar í Hæstarétti. Gagnrýni á niðurstöðu Hæstaréttar varðandi kosninguna á stjórnlagabingið er sett fram í beinum tengslum við gagnrýnina á dómara ráðningar. Ummælin skulu skoðuð í samhengi við þjóðfélagsumræðu um ofangreind málefni, sbr. dómafordæmi Hæstaréttar Íslands og MDE sem rakin verða í munnlegum málflytningi.

4. Stefndi byggir á því að stjórn mála umræða og umræða um þjóðfélagsleg málefni og almannahagsmuni njóti sérstakrar verndar, sbr. dómafordæmi frá MDE. Vakin er athygli á því að ómerkingardómur í samræmi við dómkröfur stefnanda myndi gera það m.a. að verkum að þaðan í frá yrði bannað að ræða þá staðreynd að stefnandi hafi verið skipaður dómari í Hæstarétti þvert á álit meirihluta matsnefndar um að aðrir þeir umsækjendur væru hæfari til starfans, sbr. dskj. 33. Ómerkingarkröfur stefnanda eru það víðtækar að þær fela í sér slíka niðurstöðu, yrði á þær fallist.

5. Stefndi vísar til þess að tilgangur og megininntak greinarinnar, og þ.a.l. ummælanna, sé einnig eftirfarandi: Að varpa ljósi á að traust almennings á stofnunum þjóðfélagsins, þ.m.t. Hæstarétti, sé svo dvínandi meðal íslensks almennings að til verður orðrómur eins og sá sem greint er frá í ummælunum, Stefndi tók enga afstöðu til sannleiksgildis þess orðróms heldur greindi einvörðungu frá tilvist hans sem lið í að koma boðskap greinarinnar til skila og varpa ljósi á það þjóðfélagslega umhverfi og þann jarðveg sem slíkur orðrómur verður til í. Tjáningarfrelsi stefnda verður ekki takmarkað þannig að óheimilt sé að greina frá tilvist orðróms, sér í lagi þegar sérstaklega er tekið fram að um orðróm sé að ræða. Þá greindi stefndi sérstaklega frá því að orðrómurinn væri ósannaður. Einhverra hluta vegna gerir stefnandi einnig kröfu um að sú setning verði ómerkt. Þá kann að vera að atburður sem lýst er á dskj. 35 hafi ýtt undir þessa umræðu í þjóðfélaginu og þennan orðróm. Einnig kann umræða sem m.a. má sjá á dskj. nr. 15 að hafa ýtt undir þennan orðróm.

6. Stefndi byggir á því að hann hafi verið í góðri trú um sannleiksgildi ummælanna en frá téðum orðrómi hafði m.a. verið sagt í fjölmiðlum (dskj. 34). Stefndi ber þó engar sérstakar rannsóknarskyldur né sönnunarbyrði hvað varðar sannleiksgildi efnis orðrómsins umfram það að greina frá því að um orðróm væri að ræða, sbr. dómafordæmi MDE. Allt að einu var stefndi í góðri trú um sannleiksgildi hans. Stefndi mótmælir því og hafnar að hann beri sönnunarbyrði hvað varðar efni orðrómsins. Stefndi hefur m.a. með dskj. 34 sannað tilvist orðrómsins. Þá hefur stefndi sannað að þeir aðrir umsækjendur hafi, að mati matsnefndar, verið metnir hæfari en stefnandi til að gegna stöðu hæstaréttardómara (dskj. 33) og að stefnandi sé flokksbundinn sjálfstæðismaður til margra ára (dskj 22 og 23) þó að bæði þau atriði virðist reyndar óumdeild, sbr. efni stefnu, þrátt fyrir að einnig sé krafist ómerkingar þeirra.

7. Stefndi byggir á því að ummælin séu endursögn frásagnar fjölmiðla en í nóvember 2011 birti DV frétt (dskj. 34) um að sá orðrómur væri á sveimi að stefnandi kynni að hafa komið að kærunum sem sendar voru Hæstarétti vegna kosninganna til stjórnlagabings og að einhverjir teldu sig bera kennsl á stílbrögð stefnanda á einhverri kærinni. Ummæli stefnda eru einungis endursögn þessarar fréttar DV þar sem greint er frá tilvist og efni orðrómsins. Slík tjáning er stefnda heimil og refsilaus. Stefndi vísar til þess að fréttin á dskj. 34 stendur óhögguð enda hefur hún ekki verið dæmd dauð og ómerk. Stefndi er í góðri trú um sannleiksgildi hennar. Að auki sló stefndi þann varnagla í ummælum sínum að ofangreindur orðrómur sem DV hafði áður birt, væri ósannaður.

8. Stefndi vísar til stöðu sinnar sem fræðimanns, stjórnlagaráðsmanns og samfélagsrýnis sem birtir pistla sína um þjóðfélagsmál á opinberum vettvangi. Ber

stefndi sem slíkur sömu skyldur og réttindi og fjölmiðlar til að upplýsa almenning um málefni sem eiga erindi til almennings og hefur sama frelsi til að tjá sig um slík málefni.

9. Stefndi byggir á meginreglum um þátttöku í opinberri umræðu. Sú málsástæða er tvíþætt, annars vegar að stefndi tók þátt í opinberri umræðu sem DV hóf um téðan orðróm og stefnanda (dskj. 34). Hins vegar er einnig á því byggt að stefnandi hefur í gegnum árin gert sig gildandi í opinberri umræðu um ýmis þjóðfélagsleg málefni. Öfugt við það sem almennt gengur um aðra dómara Hæstaréttar hefur stefnandi kosið að tjá sig opinberlega um ýmis þjóðfélagsleg málefni, sem og um dómsmál sem rekin eru á hverjum tíma, einnig eftir að hann varð hæstaréttardómari, sbr. dskj. nr. 29. Þá er sérstaklega á því byggt að stefnandi hefur tekið þátt í umræðum um niðurstöðu Hæstaréttar í stjórnlagabingsmálinu svokallaða (dskj. 26). Skal það vega sérlega þungt enda fáheyrt að dómari Hæstaréttar tjái sig yfir höfuð um niðurstöðu dómsins í máli sem stefnandi tók sjálfur þátt í að dæma. Hefur stefnandi þar með tekið þátt í þeirri sömu umræðu og grein stefnda var liður í. Eru því mörk leyfilegrar gagnrýni og tjáningar rýmri í máli þessu. Þá hefur stefnandi sjálfur gagnrýnt vinnulag Hæstaréttar, sbr. m.a. dskj. nr. 23.

10. Stefndi vísar til þess að hann nafngreindi stefnanda hvergi í ummælunum. Stefndi telur það ekki ljóst öllum lesendum að ummælin kunni að vera um stefnanda. Haft skal í huga að greinin er skrifuð á vettvangi erlendra fræðistarfa og ætluð erlendum lesendum á þeim vettvangi. Stefndi virðist sjálfur byggja á því að ummælin eigi ekki endilega við um hann heldur einnig um aðra dómara Hæstaréttar sem tóku þátt í meðferð málsins, sbr. fjórða málsgrein á bls. 4 í stefnu. Skal það m.a. haft í huga hvað varðar miskabótakröfu stefnanda.

11. Vísað er til meginreglna um tjáningu um og gagnrýni á opinberar persónur en stefnandi er opinber persóna í margþættum skilningi. M.a. vegna fyrri starfa sinna, vegna þátttöku í pólitísku starfi, vegna þátttöku í opinberri umræðu um árabíl og vegna starfa sinna sem dómari í Hæstarétti, sem hann hefur nú látið af. Byggt er á því að mörk heimillar gagnrýni séu rýmri varðandi stefnanda vegna ofangreindrar stöðu hans.

12. Stefndi vísar til þess að tjáning um atriði sem varða hæfi stefnanda til að gegna stöðu sinni sem opinber persóna njóti viðtækari verndar. Stefnda sé því sérstaklega heimilt að vekja athygli á orðrómi sem varðar slíkt hæfi án þess að hann þurfi að taka afstöðu til sannleiksgildis slíks orðróms eða slíkra umfjallana fjölmiðla, að öðru leyti en því að hann sé í góðri trú.

13. Stefndi byggir á því að þegar tiltekinn aðili hefur tamið sér gífuryrði í umræðu á opinberum vettvangi, m.a. í garð annarra einstaklinga, þá verði sá hinn sami að þola sjálfur harkalegri gagnrýni en ella á eigin störf. Um þetta er m.a. vísað til dskj. 14, 19, 20, 27 og 28 og til hrd. nr. 306/2001.

14. Stefndi byggir á því að í ummælum hans felist ályktun, ádeila og gildisdómur. Slík tjáning beri sérlega sterka vernd. Við mat á ummælunum sem gildisdómur skulu þau skoðuð í samhengi við greinina í heild og þjóðfélagsumræðuna sem greinin er liður í.

15. Umfjöllun í stefnu um að ummæli stefnda beinist að störfum stefnanda við æðsta dómstól þjóðarinnar og að miklu máli skiptir að almenningur beri traust til stefnanda þegar hann rækir starfa sinn er mótmælt. Stefnandi er ekki lengur starfandi sem dómari. Þá eru þessi ummæli í stefnu sérstök með vísan til þess að fjölmiðlar hafa haft það eftir syni stefnanda að stefnandi sé með grein í smíðum um "dómsmorð" Hæstaréttar á tilteknum einstaklingi (dskj. 20). Slíkt væri vart til þess fallið að auka traust almennings á samdómurum stefnanda. Þá hefur stefnandi sjálfur tjáð sig um vinnulag Hæstaréttar og annarra dómara Hæstaréttar með afar gagnrýnum hætti (dskj. 23).

Að öllu ofangreindu virtu krefst stefndi sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað.

Um refsikröfu:

Krafa stefnda um sýknu af kröfu stefnanda um refsingu fyrir brot á 234., 235. og 236. gr. alm. hgl. er reist á sömu sjónarmiðum og ofangreint eru rakin. Ummælin feli hvorki í sér ærumeiðandi móðgun né aðdróttun og stefndi hafði enga ástæðu til að ætla annað en að þau væru sannleikanum samkvæmt, enda var hann í góðri trú um það. Ummælin varða því enga refsingu.

Um miskabótakröfu:

Krafa stefnda um sýknu af kröfu stefnanda um miskabætur er reist á sömu sjónarmiðum og að ofan eru rakin. Skilyrðum 26. gr. skbl. er ekki fullnægt. Fjárhæð miskabótakröfu stefnanda er sérstaklega mótmælt enda í engu samræmi við dómafordæmi.

Um kröfu um birtingu dóms:

Slíkri kröfu er sérstaklega hafnað. Ummælunum hefur þegar verið breytt til samræmis við óskir stefnanda þrátt fyrir að slík breyting sé alfarið utan skyldu stefnda. Þá voru ummælin aldrei birt í dagblöðum. Fjárhæð slíkrar kröfu er einnig sérstaklega mótmælt sem of hári.

Sérstök athugasemd um dómsskjal stefnanda nr. 3:

Vakin er athygli á því að skv. áralöngum dómafordæmum Hæstaréttar og MDE þá skal meta ummæli sem krafist er ómerkingar á, í fullu samhengi við greinina í heild sem inniheldur þau og að auki í fullu samhengi við þjóðfélagslega umræðu. Þrátt fyrir þetta byggir stefnandi á því að ummælin skuli meta einangruð með þeim hætti að stefnandi leggur aðeins fram lítinn hluta greinarinnar sem ummælin birtust í, sbr. dskj. nr. 3. Þannig dregur stefnandi ummælin út úr þeirri umræðu sem þau eiga heima í og dregur þau einnig út úr samhengi því sem greinin í heild fjallaði um. Þetta er á skjön við íslenska og evrópska réttarframkvæmd og er stefnda óhjákvæmilegt að bæta úr þessu með framlagningu greinarinnar í heild, sbr. dskj. 10.

Lagatilvísanir:


Vísað er til 73. gr. stjórnarskrár, 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og 19. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, sbr. auglýsingu í C-deild stjórnartíðinda nr. 10/1979. Þá er vísað til 234.-236. gr. og 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Varðandi málskostnaðarkröfu vísar stefndi til 1. mgr. 130. gr. og 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en vegna greiðslu virðisaukaskatts er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Skýrslutökur: Áskilinn er réttur til að leiða vitni fyrir dóminn, m.a. Gísla Tryggvason, Ólaf Hannibalsson, Guðmund Andra Thorsson, Láru Hönnu Einarsdóttur, Hjört Hjartarson, Svan Kristjánsson og Reyni Axelsson. Áskilinn er réttur til að tilgreina síðar önnur þau vitni sem stefndi hyggst leiða fyrir dóm til skýrslugjafar.

Áskilnaður: Stefndi áskilur sér rétt til að reifa málið frekar, til að afla gagna og leggja fram og bera fram nýjar málsástæður og mótmæli á síðari stigum málsins, þ.á.m. við aðalmeðferð verði tilefni til.

Reykjavík, 1. nóvember 2012
f.h. stefnda Þorvaldar Gylfasonar



Sigríður Rut Júlíusdóttir hrl.

Til Héraðsdóms Reykjavíkur